

## AUGLÝSING

um leiðréttingu á auglýsingu um umferð í Keflavík, dags. 2. nóvember 1982.

4. mgr. auglýsingarinnar orðist svo:

Bannað er að leggja ökutækjum beggja vegna Skólavegar á kaflanum milli Suðurgötu og Sólvallagötu.

*Lögreglustjórnin í Keflavík, 17. desember 1982.*

**Jón Eysteinnsson.**

## REGLUGERÐ

um innheimtu bifreiðagjalda o. fl.

1. gr.

Greiða skal sérstakt innflutningsgjald — bensíngjald — af bensíni er fellur undir tollskrárnumur 27.10.19 og skal fjárhæð þess ákveðin með sérstakri reglugerð.

2. gr.

Greiða skal sérstakt innflutningsgjald — gúmmígjald — af hjólbörðum, notuðum og nýjum, og gúmmíslöngum sem nota má á bifreiðar og bifhjól og skal gjaldið nema 0,45 kr. af hverju kg. Gjald þetta tekur einnig til hjólbarða og gúmmíslangna sem fylgja bifreiðum er fluttar eru til landsins.

3. gr.

Greiða skal árlega þungaskatt af bifreiðum sem hér segir:

a. Af bifreiðum sem nota annan orkugjafa en bensín og eru minni en 4000 kg að leyfðri heildarþyngd, öðrum en þeim bifreiðum sem ekið er gegn gjaldi samkvæmt mælum:

Eigin þyngd bifreiðar kg	Pungaskattur kr.	Eigin þyngd bifreiðar kg	Pungaskattur kr.
allt að 2000	15 900,00	3000—3199	21 352,00
2000—2199	16 808,00	3200—3399	22 260,00
2200—2399	17 718,00	3400—3599	23 170,00
2400—2599	18 670,00	3600—3799	24 078,00
2600—2799	19 534,00	3800—3999	24 988,00
2800—2999	20 442,00		

b. Af bifreiðum sem nota annan orkugjafa en bensín, eru undir 4000 kg að leyfðri heildarþyngd og ekið er gegn gjaldi samkvæmt löggiltum mælum:

Eigin þyngd bifreiðar kg	Pungaskattur kr.	Eigin þyngd bifreiðar kg	Pungaskattur kr.
allt að 2000	20 670,00	3000—3199	27 757,00
2000—2199	21 850,00	3200—3399	28 938,00
2200—2399	23 033,00	3400—3599	30 121,00
2400—2599	24 271,00	3600—3799	31 301,00
2600—2799	25 394,00	3800—3999	32 484,00
2800—2999	26 575,00		